



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyt  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík 29. febrúar 2024

2402040SA VRB  
Málalykill: 00.64

### Efni: Umsögn um drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins, S-43/2024

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 15. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins. Frumvarpið byggir á markmiðum úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem áhersla er lögð á að málefni örorkulífeyrisþega verði tekin til endurskoðunar á kjörtímabilinu með það að markmiði að bæta líf skjör og lífsgæði einstaklinga með mismikla starfsgetu og bæta afkomu þeirra og möguleika til virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á eigin forsendum.

#### Afstaða sambandsins

Að mati sambandsins eru þær breytingar sem frumvarpið boðar heilt yfir jákvæðar. T.d. er það mikið framfaraskref að einstaklingum sem eru á bið eftir að komast í úrræði, eða eru enn það veikir að þeir geta ekki hafið endurhæfingu, sé tryggð framfærsla í formi sjúkra- og endurhæfingargreiðslna. Í dag eru þessir einstaklingar með ótrygga framfærslu og ljóst að fjárhagslegar áhyggjur eru ekki til þess fallnar að auka líkur á bata.

Þá er einnig afar jákvætt að kveðið sé á um samstarfs þjónustukerfa og þeim gert kleift að eiga samstarf og samvinnu sín á milli með það að markmiði að stuðla að heildstæðri nálgun og samfelli við veitingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga. Lengi hefur verið kallað eftir því að þjónustukerfin tali betur saman og hafi heimildir til að deila upplýsingum sem skipta máli fyrir einstaklinginn svo hægt sé að veita honum rétta þjónustu á réttum tíma.

Nokkrar áhyggjur eru þó af því að atvinnulífið, hvorki almenni né opinberi markaðurinn, séu að bjóða upp á nægilegt magn hlutastarfa fyrir einstaklinga sem ekki hafa fulla starfsgetu. Því geti orðið erfitt að ná því markmiði að einstaklingar með skerta starfsgetu hafi möguleika til atvinnuþátttöku á eigin forsendum. Í því sambandi hefur m.a. verið rætt hvort að bjóða þyrfti atvinnurekendum upp á styrki til að bæta aðgengi að vinnustöðum.


Einnig hefur verið bent á að úrræði sem sniðinn eru að þörfum fólks með fíknisjúkdóma eru af skornum skammti. Þessir einstaklingar eru því oftast á framfæri sveitarfélaga til lengri tíma en í því sambandi er rétt að benda á að framfærsla sveitarfélaga er hugsuð til skamms tíma eða neyðaraðstoð, þar til

önnur kerfi taki við, en ekki sem langtímaúrræði. Mjög mikilvægt er að bæta hér úr svo þessir einstaklingar fái þjónustu við hæfi.

Þá leggur sambandið áherslu á að boðið verði upp á fjölbreytt virkniúrræði um allt land, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu, svo einstaklingar geti valið sér búsetu á eigin forendum en ekki eingöngu út frá því hvar þjónustuna er að finna.

Með vísan til framangreinds styður sambandið lögfestingu frumvarpsins enda sé heilt yfir um að ræða framfaraskref í málaflokknum.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur